



VÍSBENDING

VIÐSKIPTI · EFNAHAGSMÁL · NÝSKÖPUN



Mynd: AFP

Hnattrænar flekahreyfingar

Kringum samningaborðið og það sem er á matseðlinum.

Í ár fagnar fólk í Evrópu því að áttatíu ár eru liðin frá lokum heimsstyrjaldar tvö. Í ágúst minnumst við þess að áttatíu ár eru síðan Bandaríkin vörpuðu kjarnorkusprengjum á tvær borgir í Japan. Í flekaskilahreyfingum í pólitíkinni og heimshagkerfinu núna er nauðsynlegt að horfa yfir þessa áratugi. Við að minnast sögulegra staðreynda birtist hvernig margt gerðist á árinu 1945 og að endalok seinna stríðs voru alls ekki afmarkaður atburður eða ákveðinn tímupunktur.

Þannig var sjálfstæðisfyrirlýsing Austurríkis í lok apríl það ár mikill vendipunktur en þó var daginn eftir fjöldi svokallaðs andspyrnufólks þar sent í gasklefa útrýmingarþátta í Mauthausen. Eftir það, sömu maí-viku og Hitler framdi sjálfsmorð í Berlín þá drápu stormsveitahermenn hans 228 ungverska gyðinga í smábæ í Austurríki.

Lærdómar sögunnar

Hverfum lengra aftur, til München árið 1938, þegar að Mussolini, Daladier, Chamberlain og Hitler gerðu með sér samkomulag um skiptingu Tékkóslóvakíu, án aðkomu fulltrúa landsins. Þessi fundur er þekkt dæmi um mistök þess að veita ekki einræðisherrum mótspyrnu. Gideon Rachman bendir á í *Financial Times* að líklegt sé, ef þú situr ekki við samningaborðið, að þú sért þá á matseðlinum.

Merkileg grein sagnfræðingsins Timothy W. Ryback í tímaritinu *Atlantic* í júlí fer yfir sögu þess þegar að Hitler skipti um



Ásgeir
Brynjar
Torfason
ritstjóri

seðlabankastjóra í upphafi ferils síns sem kanslari árið 1933. En nokkrum klukkustundum eftir að Hitler tók við embætti í lok janúar 1933 var Hans Luther seðlabankastjóri mættur á skrifstofu hans. Fyrsta rimma þeirra snerist um fánaborða með hakakrossinum sem stormsveitir Hitlers höfðu hengt á bankann. Luther reyndi að verja lögbundið sjálfstæði stofnunarinnar en Hitler sagðist vera að gera byltingu. Luther sagðist ekki vera þátttakandi í henni. Stjórn bankans var þá skipuð hlutlausum fulltrúum, sumum erlendum. Næstu vikurnar hittust þeir ekki, en Hitler gerði Hjalmar Schacht, forvera Luthers í seðlabankanum, að sínum helsta efnahagsráðgjafa. Í þingkosningum í upphafi mars 1933 unnu þjóðernissósíalistar og samþykktu þá endurvopnunaráætlun Hitlers. Luther vildi ekki fjármagna vopnavæðinguna innan úr seðlabankanum nema að mjög takmörkuðu leyti en Schacht var tilbúin til að gera það og var þar með orðinn seðlabankastjóri, samdægurs.

Eftir þessa stuttu yfirferð um nokkra viðburði á árunum 1933-1945 þá skulum við nú hverfa aftur til dagsins í dag.

Trunta nútímans

Nútíminn virðist í mikilli upplausn nú þegar að heimurinn gengur í gegnum um-breytingaferli þar sem að sameiginlegar reglur heimsviðskiptanna eru hættar að virka og alþjóðasamningar eru ekki virtir lengur.

Hið pólitíska kerfi Evrópu og Bandaríkjanna er nú um stundir í óstöðugu,

hvarfakenndu og rokenndu fljótandi ástandi, þar sem gamlir virðulegir flokkar með langa og glæsta sögu hafa leystst upp í hrærigraut innri deilna. Á meðan geta lýðskrumarar mótað hinar stefnumarkandi leiðir til framtíðar, eins og kemur fram í grein í sumarblaði *Foreign Policy*. Þetta á jafnt við um breska íhaldsflokkinn og repúblikanaflokkinn bandaríska og hugsanlega aðra flokka enn nær – sem mörgum hefur löngum þótt vænt um. Veik og óljós miðja einkennir stjórn málaástand marga nágrannalanda okkar þar sem óskýrt er hvaða hugmyndir eða baráttumál tilheyra hægrinu og vinstriu.

Vika í pólitík

Nú í ágúst skipaði Trump einn sinn helsta efnahagsráðgjafa, Stephen Miran í stjórn seðlabankans bandaríska. En það mun þó líklegast ekki verða hann sem tekur við stjórnartaumunum af Jerome Powell, sem vænst er að muni sitja út skipunartíma sinn fram á næsta ár. Þess í stað, eins og John Authers bendir á í *Bloomberg* í ágúst, þá er Miran ætlað að hrista upp í stjórnkerfinu í seðlabankanum. Miran er hugmynda-smiður hinnar trumpísku tollastefnu og höfundur handbókarinnar sem kennd er við Mar-a-Lago sem liggur til grundvallar grautsins sem nú mallar í viðskiptakerfi heimsins.

Í ágúst náðist líka nýtt samkomulag við Kínverja um að fresta tollunum sem leggja átti á þeirra vörur í Bandaríkjunum um aðra 90 daga. Nýjasta grein mín í Heimildinni í júlí fjallaði um tolla Trumps, skrifuð

áður en samkomulagið náðist við Evrópu um nýja tolla. Trump var sigri hrósandi með þá niðurstöðu og greinendur nokkuð samhljóða um að hún hafi verið mun hagstæðari bandarísku hliðinni. Nú þegar frá liður virðist líklegasta ástæðan fyrir því að Evrópa gaf svo mikið eftir í tollasamningum við Bandaríkin vera sú að það hafi verið nauðsynlegt til að fá þaðan áframhaldandi stuðning við varnir Úkraínu.

Það hvað kemur út úr samtali Pútíns og Trumps í Alaska, getur bæði sett þann stuðning í nýtt uppnám og haft afgerandi áhrif á heimssöguna. Eða það samtal gæti líka engu breytt.

Flekahreyfingarnar fela í sér ólíka möguleika – líkt og í jarðsögunni. Á flekamótum þar sem tveir flekar mætast getur annar flekinn farið undir hinn, eða þeir mætast og krumpast upp í fjallgarð. Ef við stöndum hinsvegar á flekaskilum, sem færast í sundur, þá verðum við að búast við eldgosum og jarðhræringum.

Við sem smáþjóð, von þess háttar gliðnun og hræringum, en áhugalítill um að setjast við samningaborðið í Brussel eigum á hættu að vera gerð að litlum millirétti á matseðli fyrir samningaborð annarra en Evrópusambandsins. Landa sem stjórnað er af gömlum körlum með stórveldisdrauma og sem brjóta alþjóðasamninga jafn oft og þeim þykir henta fyrir eigin hag en sæta engu eftirliti eða ábyrgð hvað það varðar. ☞

Greinin birtist fyrst í *Vísbendingu* 15. ágúst 2025 / 25. töl. 43. árg.



Austur, vestur og aftur heim

– um samnefnda bók eftir **Jóhann Pál Árnason** prófessor emeritus

Félagsfræðingurinn og heimspekingurinn Jóhann Pál Árnason, prófessor emeritus við La Trobe-háskóla í Melbourne er einhver allra merkasti fræðimaður og kenningasmiður Íslendinga fyrr og síðar á sviði hug- og félagsvísinda og þó víðar væri leitað. Verk Jóhanns hafa markað djúp spor í hinum alþjóðlega fræðaheimi og má þar helst nefna endurhugsun¹ hans á kenningu Karl Jaspers um Öxultímabilið 800-300 árum fyrir Kristburð (e. *Axial Age*)² og hugmyndir Jóhanns um mismunandi leiðir ólíkra menningarheima inn í nútímann (e. *multiple modernities*).³ Jóhann er enn afar virkur og afkastamikill í fræðunum þrátt fyrir að vera á 85. aldursári.



Guðmundur Oddsson prófessor í félagsfræði við Háskólann á Akureyri.

Verk Jóhanns eru aðallega skrifuð á ensku, þýsku og tékknesku en lítið hefur birst eftir hann á íslensku. Það er því sannkallaður hvalreki að fyrir síðustu jól kom út á íslensku bókina *Austur, vestur og aftur heim* sem inniheldur þverskurð af þeim rannsóknum á sviði félagsfræði, siðmenningargreiningu og heimspeki sem Jóhann hefur lagt stund á.⁴ Auk greinanna ritar Jóhann endurminningakafla þar sem hann gerir litríku lífshlaupi sínu skil. Bókin er í ritstjórn Ágústs Þórs Árnasonar heitis, aðjunktis við lagadeild Háskólans á Akureyri, og Geirs Sigurðssonar prófessors í kínverskum fræðum og þvermenningarlegri heimspeki við Háskóla Íslands. Bókin var lengi í smíðum eins og greint er frá í formála en frumkvæðið að bókinni átti eldhuginn Ágúst Þór sem féll frá fyrir aldur fram árið 2019 en Geir sigldi verkinu í höfn.

Sannkallaður heimsborgari og hugsuður

Í þessu greinarkorni ætla ég að tæpa á nokkru því helsta sem stendur upp úr í þessari stórfroðlegu bók en stikla fyrst á stóru um feril Jóhanns sem fæddur er og uppalinn á Dalvík. Jóhann lauk stúd-

”

Þrátt fyrir að vera áhrifamikill í hinum alþjóðlega fræðiheimi hefur nafn Jóhanns ekki farið eins hátt og skyldi hérlandis.

entsprófi 1958 frá Menntaskólanum á Akureyri eftir að hafa hafið þar nám tveimur árum yngri en venja var. Eftir námsárin í MA hélt Jóhann til Prag þar sem hann nam heimspeki og sagnfræði við Karls-háskólann frá 1960 til 1966. Hann kenndi við MA 1967-1968 og nam heimspeki og félagsfræði við Háskólann í Frankfurt 1968-1970. Þaðan lauk hann doktorsprófi í heimspeki 1970 og skrifaði doktorsritgerð⁵ undir handleiðslu hins þekkta þýska félagsheimspekings Jürgens Habermas. Jóhann var styrkþegi Alexander von Humboldt-stofnunarinnar 1970-1972 og kenndi félagsfræði við Heidelberg háskóla 1972-1975. Hann kenndi jafnframt við Bielefeld háskóla á sumarönn 1975 og lauk samhliða doktorsritgerð hinni meiri (þýs. *Habilitation*).⁶ Frá 1975 til 2003 starfaði Jóhann við félagsvísindadeild La Trobe-háskólans í Melbourne. Frá 2007 til 2014 kenndi Jóhann við hugvísindadeild Karls-háskólans í Prag. Frá 2006 hafa Jóhann og kona hans María Jansdóttir verið búsett á Akureyri og hefur hann m.a. kennt við Félagsvísindadeild Háskólans á Akureyri. Jóhann hefur aukinheldur verið gestaprófessor við ýmsa háskóla og rannsóknastofnanir í Þýskalandi, Frakklandi, Japan, Svíþjóð og á Ítalíu. Jóhann fékk sérstök rannsóknarverðlaun frá Alexander von Humboldt-stofnuninni 2008 og var gerður að heiðursdoktor við Háskóla Íslands 2011.

Í fræðilegri vegferð sinni sem spannar 65 ár hefur heimsborgarinn Jóhann haldið

sig á mörkum félagsfræði, heimspeki og sagnfræði. Eftir hann liggja fjölmargar bækur og greinar sem hverfast aðallega um kenningarlega og sögulega félagsfræði með sérstaka áherslu á samanburð ólíkra menningarheima og þjóðfélagsbreytingar. Sem fyrr segir hafa kenningar Jóhanns haft mikil áhrif í hinum alþjóðlega fræðaheimi eins og lesa má um í bókinni *Civilization, Modernity, and Critique: Engaging Jóhann P. Árnason's Macro-Social Theory* (Dunaj o.fl. ritstj.) sem kom út árið 2023 á vegum Routledge háskólaútgáfunnar í tilefni 80 ára afmælis Jóhanns.⁷

Þrátt fyrir að vera áhrifamikill í hinum alþjóðlega fræðiheimi hefur nafn Jóhanns ekki farið eins hátt og skyldi hérlandis. Það sem skiptir vafalaust hvað mestu máli í þeim efnum er að Jóhann hefur starfað nær eingöngu utan Íslands (sérstaklega í Ástralíu og Mið-Evrópu), rannsóknáherslur hans spanna löng tímabil og mörg lönd fremur en að heinast sérstaklega að Íslandi, hann skrifar á mörgum tungumálum (sjaldnast á íslensku) og efnistök hans, greining og textar eru oft ansi krefjandi.⁸ Þá hefur Jóhann ekki haft sig mikið í frammi í almennt og fræðilegri umræðu hérlandis síðustu áratugi. Jafnframt hefur íslenskt félagsvísindafólk alla jafna lítið sér nær í tíma og rúmi þegar kemur að efnistöfum og ekki margir fræðimenn hérlandis deila áherslum hans á siðmenningargreiningu og margbreytileika nútímans.

Djúppenkjandi þverskurður

Í *Austur, vestur og aftur heim* gefur að líta níu greinar eftir Jóhann af ólíkum uppruna. Fimm hafa birst áður á öðrum tungumálum og voru sérstaklega



Geir Sigurðsson ritstj. bókarinnar



Ágúst Þór Árnason ritstj. bókarinnar

íslenskaðar fyrir greinasafnið. Allar eldri greinar voru fræðilega uppfærðar af Jóhanni fyrir útgáfuna og sumar innihalda sérstaka eftirmála. Þá er mikill fengur í því að bókinn inniheldur heildarritaskrá Jóhanns.

Það segir sína sögu að hinn merki þýski félagsheimspekingur Axel Honneth skrifar inngang að bókinni þar sem segir meðal annars að Jóhann eigi sér fáa, ef nokkra, jafnoka þegar kemur að núlifandi samanburðarfélagsfræðingum: „Bækur og greinar Jóhanns um leið Japans til nútímavæðingar, sérstæða framvinduna í Rússlandi, merkingu grískrar arfleifðar í Evrópu, þróunaraflvaka þjóðríkjanna og loks þá tilteknu formgerð sem ein-kennir vestrænan nútíma mynda í heild grunninn að sögulegri samanburðarfélagsfræði sem einungis verk Shmuel Eisenstadt jafnast á við hvað varðar metnað og gæði“ (bls. 11). *Austur, vestur og aftur heim* endurspeglar þennan fræðilega metnað, fádæma nákvæmni og yfirgrípsmikla þekkingu.

Í fyrstu grein bókarinnar, „Tuttugasta öldin í endursýn“, leggur Jóhann út frá nokkrum þemum bókarinnar *Öld öfganna*

eftir Eric Hobsbawm (1994, ísl. 1999) og greinir í ljósi lengri tímaramma. Hobsbawm er einn áhrifamesti sagnfræðingur 20. aldarinnar og *Öld öfganna* er stórvirki sem á erindi við samtímann. Í greininni kennir ýmissa grasa en niðurstöður Jóhanns um 20. öldina styttri (1914-1991) eða lengri (1914-2010) má draga saman með orðum þýska félagsfræðingsins Norbert Elias: „alls konar framfarir eiga sér stað, en engar allsherjar framfarir“ (bls. 68). Hvað neikvæðar hliðar varðar er sér í lagi vísað til þeirra hörmunga sem fyrri og seinni heimsstyrjaldirnar kölluðu yfir



Allt bendir nú til þess að endurreisn kínverska stórríkisins, eftir aðlöguðum bolsévískum forskriftum, marki heimssöguleg kaflaskil af stærri gráðu en sovéska útgáfan af því rússneska

Jóhann Páll Árnason

mannkynið, yfirstandandi umhverfiskrísu, geryeðingarvopna í höndum misviturra manna og aukinnar stórveldapólitíkur sem heldur heiminum í heljargreipum. Í ljósi óvissu og vaxandi ótta við nýtt stórvelda-stríð nú þegar aldarfjórðungur er liðinn af 21. öldinni sér Jóhann mikil líkindi við stöðuna árið 1914. Hann ályktar jafnframt að farvegur alþjóðstjórn mála nú til dags sé enn best skilinn í ljósi þeirra keðjuverkana sem fyrri heimsstyrjöld hrinti af stað.

Önnur greinin, „Samfélagssýnir og lýðræðismynstur“, er birt óbreytt frá árinu 1993, en þó með nýjum eftirmála, til að varpa ljósi á þankagang Jóhanns um stöðu lýðræðisins í kjölfar falls Berlínarmúrsins árið 1989 og falls Sovétríkjanna árið 1991 sem bundu enda á kalda stríðið. Einkum fjallar Jóhann um togstreituna við að fella skilgreiningar á lýðræði að grunnhugtökum í félagsfræði og smættarhyggjuna sem felst í ríkjandi hugtaki um samfélag. Greinin á vel við nú í ljósi innrásar Rússlands í Úkraínu og þegar öfgahreyfingar undir stjórn valdagráðugra auðkýfinga þrengja víða að lýðræðinu, einkum hjá meintum „útverði lýðræðisins“, Bandaríkjunum. Þessu tengt segir Jóhann að hugtakið „popúlismi“ sé haldlítið til skýringa á uppgangi Donalds Trump vestan hafs. Fyrirbærið Trump eigi meira skylt við „trúarlegar vakningar af því tagi sem áður hafa þekkt í Bandaríkjunum og ekki verið auðtúlkanlegar á evrópskum forsendum“ (bls. 65).

Í þriðju greininni tekst Jóhann á við annað grundvallarhugtak: menningu. Nánar tiltekið kannar hann hvernig greining grísk-franska heimspekingsins Cornelius Castoriadis á ímynduðum merkingum (e. *imaginary significations*) varpar nýju ljósi á menningarhugtakið. Í eftirmála gerir Jóhann grein fyrir lífshlaupi og fræðiferli Castoriadis en hann er einn af þeim hugsuðum sem hefur haft hvað mest áhrif á Jóhann sem fræðimann. Rétt eins og Jóhann, var Castoriadis einkar hallur undir marxíska samfélagsgreiningu á fyrri parti ferilsins en dýpkaði og víkkaði sjónarhorn sitt með tímanum. Það sem hafði mest áhrif á Jóhann í þessum efnun voru verk tékknesku heimspekinganna Karel Kosík og Jan Patočka í anda fyrirbærafræði og skrif klassískra félagsfræðinga á borð við Émile Durkheim og sér í lagi samanburðar-félagsfræði Max Weber.

Fjórða greinin „Andhverfa skynseminnar og skynsemi andhverfunnar“ snýst um skynsemishugtakið og þá róttæku útfærslu skynseminnar sem einkennir nútímann. Þetta er að mínu viti mest krefjandi lesning bókarinnar sem skrifast að megninu til á torrætt umfjöllunarefnið en að hluta til á það að greinin birtist upphaflega á frönsku. Jóhann hugsar með mörgum fræðimönnum í téðri grein en leggur eðli málsins samkvæmt út frá verkum tveggja merkustu hugsuða vestrænnar heimspeki, Immanuel Kant og Georg Hegel, hverra megin viðfangsefni var ekki síst mörk mannlegrar skynsemi og frumspeki. Þá er Hegel fyrsti heimspekingurinn sem tók nútímann sem viðfangsefni og hafði þar skynsemina í

► Mynd frá borginni Prag þar sem Jóhann Páll stundaði háskólanám í heimspeki og sagnfræði á sjöunda áratug síðustu aldar eftir nám í Menntaskólanum á Akureyri. Hann kenndi einnig í Karls-háskólanum í Prag eftir að hafa verið lengi prófessor í Ástralíu.



▲ Jóhann Páll Árnason, prófessor emeritus.

brennidepli. Þessu tengt er ástæða til að vekja athygli á nýjum íslenskum þýðingum á verkum Kant og Hegel.⁹

Í fimmtu greininni ræðst Jóhann áfram á garðinn þar sem hann er hvað hæstur og fjallar um Sovétmódelið sem misheppnaða hnattvæðingu. Hann gagnrýnir nauðhyggjuna sem felst í þröngum og hagrænum skilgreiningum á hnattvæðingu og notar margþættara hugtak til að greina annars vegar samspil alþjóðlegra og staðbundinna þátta við fall kommúnismans og hins vegar hvaða þýðingu Sovétríkin, sem form hnattvæðingar, hafa fyrir hnattvæðingu í viðum skilningi. Jóhann ályktar: „Sovétmódelið var aðferð til nútímavæðingar, grundvölluð á blöndu tveggja hefða, heimsveldishefðarinnar og byltingarhefðarinnar, en um leið var þetta alþjóðlegt fyrirbæri. Mótunarsaga þess, útpensla og upplausn verða ekki skýrðar án visana til alþjóðlegra tengsla, og saga þess var lykilkþáttur í tímaskeiði hnattvæðingar á tuttugustu öldinni“ (bls. 167).

Sjötta greinin „Bylting byltinganna“ fjallar um rússnesku byltinguna sem annars vegar tímamótaatburðar og hins vegar langtíma úrvinnsluferlis sem leiðir þýðingu umskiptanna og meðfylgjandi átök til lykta. Jóhann skilgreinir byltingu í stuttu máli sem hraða og samtvinnnaða breytingu pólitískrar og félagslegrar valdaskipunar. Sem slík felur bylting í sér formgerðarbreytingu ríkisvaldsins þar sem lögmæti, stofnanir og samsetning valdaelíftu taka stakkaskiptum. Jafnframt breytast valdahlutföll þjóðfélagshópa. Enginn efast um að febrúarbyltingin og októberbyltingin árið 1917 voru tímamótaatburðir. Ágreiningur ríkir hins vegar um tímalengd útvinnsluferilsins. Jóhann miðar sjálfur við fall Sovétríkjanna árið 1991. Jafnframt segir hann að í ljósi þess sem síðar hefur gerst sé nær að tala um þrjár leiðir út úr ógögnum sovétkerfisins fremur en algert hrun þess. Leiðir þessar kennir Jóhann

við Gorbatsjov, Jeltsín og Pútín og þær stofnanabreytingar sem þeir hrintu vitandi og óafvitandi í framkvæmd.

Samanburðarfélagsfræði og sögulegt sjónarhorn Jóhanns njóta sín í sjöundu og áttundu grein bókarinnar sem fjalla annars vegar um ríkismyndun (e. *state formation*) í Japan og á Vesturlöndum og hins vegar um nútímavæðingu Japans. Jóhann leggur út frá rannsóknum Norbert Elias og reifar leiðir til þess að tengja rannsóknir á siðmenningarferlum (e. *civilization processes*) við samanburðargreiningu með sérstakri vísun til Japans. Japan er sérlega áhugavert til samanburðar við Vesturlönd í ljósi þess að þar myndaðist eina raunverulega lénsveldið utan Evrópu og að „Japan nútímans er án nokkurs vafa tilkomumesta dæmið um kapitalískt skipulag sem ekki þróaðist í vestrænu samhengi, og sennilegt virðist að ætla að fyrri staðreyndin tengist hinni síðari með einhverjum hætti“ (bls. 204). Þrátt fyrir að vera fjórða stærsta hagkerfi í heimi hefur Japan fallið nokkuð í skuggann af efnahagslegum og geópólitískum uppgangi Kína síðustu áratugi; sem þó er einungis afturhvarf til hefðbundins mynsturs þar sem Kína var stærsta hagkerfi heims í næstum tvö þúsund ár þangað til Bretland náði forystu á 19. öld.¹⁰ Svo vitnað sé í umfjöllun Jóhanns úr fyrstu greininni: „Allt bendir nú til þess að endurreisn kínverska stórríkisins, eftir aðlöguðum bolsévískum forskriftum, marki heimssöguleg kaflaskil af stærri gráðu en sovéska útgáfan af því rússneska“ (bls. 45).

Rúsínan í pylsuendanum

Rúsínan í pylsuenda bókarinnar er svo níunda greinin, „Kristnihald á norðurhjar: Sögutengsl og siðaskipti“, þar sem Jóhann beitir siðmenningargreiningu á þjóðveldistímann á Íslandi frá stofnun Alþingis árið 930 og þar til Íslendingar gangast Noregskonungi á hönd árið 1262. Umrædd grein er glæný, mikil að sniðum (108 bls.) og hefði að mínu viti sómt sér vel sem sjálfstæð bók. Kynngimögnuð lesning þar sem Jóhann hugsar með höfundum á borð við Halldóri Laxness, Arnold Joseph Toynbee, Gunnari Karlssyni og Sigurði Nordal. Í upphafi útskýrir Jóhann siðmenningargreiningu í stuttu máli og fyrir kaflar undirbyggja greininguna sem eftir kemur.

Endurminningakaflinn er skemmtilegur aflestrar en of stuttur fyrir minn smekk. Sjálfur hefði ég til að mynda viljað lengri og ítarlegri umfjöllun um áhrifaþætti á langri fræðilegri vegferð Jóhanns. Fróðlegust fannst mér hins vegar frásögn Jóhanns af námsárunum í þáverandi Tékkóslóvakíu og sterkum tengslum hans við Tékkland allar götur síðan. Jóhann telur sig til tveggja þjóða eins og hann orðar það. Einnig hafði ég gaman af vangaveltum Jóhanns um Sameiningarflokk alþýðu – Sósíalistaflokkinn sem var við lýði hérlendis frá 1938 til 1968 en sú umfjöllun kallast á

við nýlegar bækur Kjartans Ólafssonar¹¹ og Skafta Ingimarssonar um kommúnista- og sósíalistahreyfingar á Íslandi.¹²

Í stuttu máli met ég það svo að með bókinni *Austur, vestur og aftur heim* hafi ritstjórum og höfundí svo sannarlega tekist ætlunarverk sitt að gefa íslenskum lesendum góða innsýn í ævistarf og mikilsvert framlag Jóhanns Páls Árnasonar til fræðasamfélagsins. Eiga þeir mikið hrós skilið. Djúp og yfirgripsmikil þekking Jóhanns kemst vel til skila og það hjálpar að nálganir, útskýringar og þýðingar á lykilhugtökum eru vandaðar og þaulhugsaðar. Hér er óhætt að segja að hverjum steini hafi verið velt við, enda Jóhann einkar næmur fyrir blæbrigðum hugaka, kenninga og tungumála. Þrátt fyrir að texti Jóhanns sé skýr þarf maður engu að síður að hafa sig allan við á köflum til þess að halda í við hann. Það er hins vegar margfaldlega þess virði að gefa sér góðan tíma í lesturinn og ígrunda. Ég hvet íslenskt hug- og félagsvísindafólk og aðra áhugasama að verða sér út um þessa bók. Bókin á skilið breiðan lesendahóp og mun vonandi stuðla að því að Jóhann hljóti þá upphefð hérlendis sem hann á sannarlega skilda. ✎

Greinin birtist fyrst í Visbendingu 20. febrúar 2025 / 8. tbl. 43. árg.

Tilvísanir

- Jóhann Páll Árnason. 2013. „Rehistoricizing the Axial Age“. Í Bellah, R. og Joas, H. (ritstj.) *The Axial Age and its Consequences*. Cambridge: Harvard University Press, bls. 366–407.
- Jaspers, Karl. 1953. *The Origin and Goal of History*. New Haven: Yale University Press.
- Jóhann Páll Árnason. 2003. *Civilizations in Dispute: Historical Questions and Theoretical Traditions*. Leiden: Brill. Jóhann Páll Árnason. 2020. *The Labyrinth of Modernity: Horizons, Pathways and Mutations*. Lanham: Rowman & Littlefield Publishers.
- Jóhann Páll Árnason. 2024. *Austur, vestur og aftur heim: Greinar um samfélagsheimspeki og siðmenningargreiningu*. Ágúst Þór Árnason og Geir Sigurðsson (ritstj.). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Jóhann Páll Árnason. 1971. *Von Marcuse zu Marx - Prolegomena zu einer dialektischen Anthropologie* [From Marcuse to Marx - Prolegomena to a dialectical anthropology]. Neuwied: Luchterhand Verlag.
- Jóhann Páll Árnason. 1976. *Zwischen Natur und Gesellschaft - Studien zu einer kritischen Theorie des Subjekts* [Between Nature and Society - Studies in the critical theory of the subject]. Köln: Europäische Verlagsanstalt.
- Dunaj, Lubomír, Jeremy Smith, and Kurt Mertel (ritstj.). 2023. *Civilization, Modernity, and Critique: Engaging Jóhann P. Árnason's Macro-Social Theory*. Abingdon/London: Routledge.
- Guðmundur Oddsson. 2024. Bókardómur um Civilization, Modernity, and Critique: Engaging Jóhann P. Árnason's Macro-Social Theory, eftir Lubomír Dunaj, Jeremy Smith og Kurt Mertel (ritstj.). *Acta Sociologica* 67(4), 565–567.
- Hegel, Georg. 2023. *Skynsemin í sögunni*, þýð. Arthúr Björgvin Bollason og Þröstur Ásmundsson, Lærdómsrit Bókmenntafélagsins, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Kant, Immanuel. 2024. *Fyrir eilífum fríði*, þýð. Egill Arnarson, Lærdómsrit Bókmenntafélagsins, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Maddison, Angus. 2007. *Contours of the World Economy, 1-2030 AD: Essays in Macro-economic History*. Oxford: Oxford University Press.
- Kjartan Ólafsson. 2020. *Draumar og veruleiki: stjórnmál í endursýn. Um Kommúnistaflokkinn og Sósíalistaflokkinn*. Reykjavík: Mál og menning.
- Skafti Ingimarsson. 2024. *Nú blakta rauðir fánar. Saga kommúnista- og sósíalistahreyfingarinnar á Íslandi 1918–1968*. Reykjavík: Sögufélag.

Tækni og bjartsýni

Varnaðarorð Nóbels-verðlaunahafa í hagfræði

Hiðover Skúli Hákonarson
MA í opinberri stefnumótun



Í desember síðastliðnum hlutu þrír hagfræðingar Nóbelsverðlaun fyrir rannsóknir sínar um samfélagslegar stofnanir og efnahagsleg áhrif þeirra á velsæld. Tveir þeirra, Daron Acemoglu og Simon Johnson, gáfu út bókina *Power and Progress: Our Thousand-Year Struggle Over Technology and Prosperity* árið 2023. Bókin er sögulegt yfirlit um tækniþróun síðasta árþúsunds og efnahagsleg áhrif þeirra, góð og slæm, á almenning.

Eitt meginhugtak bókarinnar er tæknibjartsýni (e. *techno-optimism*), hugmyndin um að tækniframfarir muni alltaf hafa jákvæð áhrif á samfélagið. Jafnvel þótt tæknin reynist ekki fullkomin í byrjun, og geti jafnvel skaðað suma, þá sé þróunarbraft tækninnar óhjákvæmileg og því óþarfi að fetta finger út í einstaka neikvæðar afleiðingar hennar. Í gegnum söguna hefur þetta viðhorf oft orðið ofaná, einkum þegar einstaklingar með sterkan sannfæringarkraft hafa greiðan aðgang að valdamiklum einstaklingum. Í bókinni er meðal annars reifuð saga eins slíks bjartsýnismanns, en við lesturinn má greina sláandi líkindi milli hans og annars samtímamanns okkar.

Sigur í Súes og plága í Panama
Ferdinand de Lesseps (1805-1894), sem greint er frá í bókinni, var franskur erindreki sem átti glæstan feril í frönsku utanríkisþjónustunni. Um árabíl bjó hann í Egyptalandi, hvar hann komst í kynni við áform Napóleons um að tengja Miðjarðarhafið við Rauðahafið í gegnum skurð í Súeseiðinu. Takmarkaður vilji var af hálfu nýlenduríkjanna að byggja slíkan skurð. Tæknilegar ástæður spiluðu einnig inn í. Í flestum skipaskurðum eru skipastigar, sem gera skipum kleift að klífa hæðir. Verkfræðingar þess tíma höfðu talið nauðsynlegt að þörf væri á stigum í Súes, sem myndi aftur á móti lengja ferðalagið í gegnum skurðinn. Lesseps taldi þó enga þörf á stigum, enda væri meðalsjó-



hæðin sú sama í höfunum tveimur. Ekkert varð úr hugmyndum um Súes skurð fyrr en löngu síðar.

Árið 1854, eftir að Lesseps hafði sest í helgan stein, fékk hann fregnir af því að sonur landstjórans sem hann hafði kennt á árum sínum í Kairó væri óvænt orðinn landstjóri í Egyptalandi. Þá stökk hann á tækifærið og fór til Egyptalands, staðráðinn í að sannfæra gamla lærisvein sinn um að fá skurðinn byggðan. Það tókst – að hringferð Lesseps um Evrópu lokinni, hvar hann fékk fjölda fjárfesta á sitt band. Skurðurinn var fullkláraður árið 1869, án skipastiga. Farþegaskip gátu nú flutt allt að tvö þúsund manns niður skurðinn á minna en einum sólarhring. Um var að ræða sannkallaða byltingu í viðskiptum og samgöngum.

Það leið ekki á löngu þar til Lesseps tókst að sannfæra

franska fjárfesta um að ráðast í svipað verkefni í Panama, til að tengja Atlantshafið við Kyrrahafið. Þrátt fyrir styttri vegalengd skurðsins í Panama komu mörg vandamál fljótt í ljós. Skortur var á vinnuafli í landinu – en í Egyptalandi hafði Lesseps reitt sig á menn bundna þegnskyldu. Fjallgarður var hindrun í byggingu skurðsins, en Lesseps taldi enn skipastiga óþarfa, hægt væri að grafa fjallið í burtu. Hann hafði hins vegar eingöngu heimsótt Panama á þurrrátíma og því óundirbúinn regntímabilinu sem gerði gröftinn nánast ómögulegan. Þá bættust við faraldrar gulusóttar og malaríu vegna ágangs moskító flugna. Árið 1889, eftir tæpan áratug var verkefnið stöðvað. Um 22 þúsund manns höfðu þá látið lífið við framkvæmdir. Lesseps lést fáeinum árum síðar, þá fallinn í ónáð.

Bandaríkjamenn tóku við verkefninu árið 1904. Við þeim blöstu nákvæmlega sömu aðstæður og Frökkunum og sömu vandamál. En ólíkt Lesseps voru Bandaríkjamenn óhræddir við að breyta um stefnu þegar vandamál komu í ljós. Kyrrstætt vatn

”

Peir benda hins vegar á að slíkar framfarir séu til einskis ef fáir einstaklingar njóta góðs af

var fjarlægð til að koma í veg fyrir moskító faraldur. Ljóst var orðið að draumur Lesseps um skurð án skipastiga var ómögulegur, en ákveðið var að beina nærliggjandi fljóti í nýjan farveg og búa til stöðuvatn uppi á fjalli, svo skipin gætu siglt upp skipastiga, yfir vatnið, og niður skipastiga hinum megin. Áratugi frá fyrstu skóflustungunni var skurðurinn kláraður.



▲ Nýjasti hluti Panama-skurðsins var tekinn í notkun árið 2016. Nýjar Agua Clara-kvíar sem rúma Neopanamax skip-en upphaflega var skipaskurðurinn tekinn í notkun árið 1914 og gömlu kvíarnar virka einnig enn þá.

Mynd: Wikipedia

◀ Elon Musk, eigandi samfélagsmiðilsins X, rafbílaframleiðandans Tesla og geimferðatæknifyrirtækisins SpaceX, þakkar með ógnvekjandi hætti í lok ræðu sinnar í tilefni innsetningar Donalds Trump í embætti forseta Bandaríkjanna í annað sinn þann 20. janúar 2025.

Mynd: AFP

Sagan endurtekur sig

En sagan á það til að endurtaka sig. Í dag deilir einn áhrifamesti maður heims, Elon Musk, mörgum af þeim persónueinkennum sem Lesseps hafði til að bera. Líkt og Lesseps hafði gert í Súes, skapaði Musk sér góðan orðstír með árangri fyrirtækjanna Tesla og SpaceX. Þessi velgengni veitti þeim óbilandi sjálfstraust sem kynti bál háfleygari hugmynda, eins og greftri Panama skurðsins eða landnámi á Mars. Báðir voru sannfærðir um að markmiðið yrði að nást sama hvað í vegi stæði, gilti þá einu hvort það væru banvænir sjúkdómar eða lýðræðislegar stofnanir og fjölmiðlar. Báðir náðu sínu fram með sannfæringarkrafti sínum, Lesseps í gegnum tengsl við erindreka og fjárfesta víðs vegar um heiminn; Musk í krafti síns eigin samfélagsmiðils og með afskiptum af lýðræðislegum kosningum.

Því fer fjarri að Acemoglu og Johnson séu með upprifjun sinni á tæknibjartsýni athafnamanna sögunnar að tala gegn frekari tækniframförum og nýsköpun. Þeir benda hins vegar á að slíkar framfarir séu til einskis ef fáir einstaklingar njóta góðs af. Þar sem vel hefur tekist til með tæknibyltingar og þær nýst almannahagsmunum hafa mótvægisöfl á borð við verkaldöðsfélög, frjáls félagasamtök og sterkt samkeppniseftirlit verið til staðar. Slíkar stoðir voru hvorki til staðar í Panama né Egyptalandi á sínum tíma, og Musk áttar sig á því að þær eru það helsta sem kemur í veg fyrir að áform hans verði að veruleika. ☞

Greinin birtist fyrst í **Vísbendingu** 24. janúar 2025 / 3. tbl. 43. árg.

Nældu þér í áskrift

Vísbending fjallar um viðskipti, efnahagsmál og nýsköpun og hefur komið út óslitið síðan árið 1983. Þar birtast greinar eftir marga af færustu hagfræðingum landsins á aðgengilegu máli.

→ visbending.is/askrift

